

Þinggerð 17. þings Keilusambands Íslands



18. maí 2010

Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður KLÍ setti þingið og tilnefndi Daníel Jakobsson (DJ) sem þingforseta og Theódóru Ólafsdóttur (TÓ) sem þingritara. Þau voru bæði samþykkt og þakkaði Daníel traustið og byrjaði þingstörf.

Þingfulltrúar eru 17, en umboð barst frá tveim fulltrúum ÍA ÍBR var með 14, og ÍA 3.

Fyrsta mál var að kjósa fastanefndir. Tillögur lágu fyrir varðandi nefndarskipan og voru allar samþykktar.

ÞI las skýrslu stjórnar.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Eitt það fyrsta sem við gerðum eftir síðasta ársþing var að fara norður á Akureyri og keppa í keilu á Landsmóti UMFÍ. Reyndar vorum við bara sýningargrein, og því miður var norðlenska blíðan svo mikil að fáir utan keilunnar komu til að horfa á. Mótið gekk vel og nutum við dyggrar aðstoðar bæði Keilufélags Akureyrar og keilusalansins á Akureyri, ásamt keilurum úr deildunum. Það má til gamans geta að Guðmundur Sigurðsson ÍA vann mótið.

Síðastliðið haust fækkaði deildarliðum enn um eitt, en þátttaka í öðrum mótum á vegum Keilusambandsins breyttist lítið. Þá er búið að færa Íslandsmót para og Íslandsmót í tvímenning og verður í framtíðinni keppt á haustin. Einnig lagðist af keila í UMSK er félagsmenn KFK fluttu sig uppá Kjalarnes og í ÍBR.

Keppendur á vegum KLÍ tóku þátt í fimm verkefnum á erlendri grund. Á Evrópumóti karla sem haldið var í Álaborg í Danmörku náði karlalandsliðið einum besta árangri sem landsliðið hefur náð á Evrópumóti.

Úrvinnsla meðaltals gengur nú orðið betur og meðaltal kemur nú út fyrr en áður. Ástæðan fyrir því er að nú eru fleiri sem vinna forvinnuna við að setja skorið inni gagnagrunninn en Þórhallur Hálfðánarsonar sér ennþá um lokafráganginn.

Nefndarstörf gengu almennt vel. Mesta álagið var að venju á móta- og unglinganefnd, og vil ég þakka þeim sjálfboðaliðum sem sinnt hafa störfum á vegum sambandsins. Einnig langar mig að hvetja keilara að gefa kost á sér til nefndarstarfa, því margar hendur vinna létt verk.

Ég vil að lokum þakka öllum samstarfið á árinu og vona að það haldi áfram.”

Kjörbréfanefnd lauk störfum,

S Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) tók til máls og tjáði fundarmönnum að þeir sem á fundinn komu væru einnig á kjörbréfum og þingforsreti lýsti því næst fundinn löglegan.

Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri KLÍ tók næstur til máls og flutti ársreikninginn.

Rekstrarárið var nokkuð gott og skilaði KLÍ 1.137.928 kr. í hagnað á árinu.

Orðið laust um skýrslu stjórnar, engin hvað sér hljóðs.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur borinn upp og samþykktir samhljóða.

Næst voru teknar fyrir tillögur þær sem lágu fyrir þinginu. Fjárhagsáætlun 2011 var send til fjárhagsnefndar og aðrar tillögur til laga- og leikreglanefndar.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri ÍSÍ flutti kveðjur frá forseta ÍSÍ Ólafi Rafnsyni sem einnig er nýkjörinn forseti FIBA Europe. (Evrópursamband Körfuknattleiks)

Hún talaði um að Keilusambandið gæti verið stolt af sínum störfum og lýsti ánægju með hversu ábyrg stjórnun er í fjármálum sambandsins. Hún þakkaði fundarmönnum fyrir þeirra störf í þágu íþróttarinnar. Einnig talaði hún um aðstöðuleysi keiluíþróttarinnar og að okkur skorti aðstöðu til iðkunar.

Hún talaði um skil á árskýrslum í félagakerfi ÍSÍ (Felix) og að þau félög/sambönd sem ekki skili á réttum tíma verði sett í keppnisbann.

Hún vonar að við fáum aðstöðu til að dafna og að ÍSÍ sé þarna fyrir okkur og séu þau boðin og búin til að aðstoða okkur. Hún hvatti sambandsaðila að kynna Fyrirmyndafélag ÍSÍ fyrir sínum félögum, en það er gæðaviðurkenning í mörgum bæjarfélögum.

Pinghlé og nefndarstörf í 30 mínútur.

Pingforseti tók til máls og byrjað var á að fjalla um þingskjölin.

Þingskjal nr. 1 – fjárhagsáætlun KLÍ

Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) var í forsvari fyrir nefndina og kom fjárhagsáætlunin óbreytt úr nefnd. Nefndin lagði þó til að sett yrði meira fjármagn í útbreiðslu og kynningu. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóma.

Næst var komið að laga- og leikreglanefnd og var ÞI í forsvari fyrir nefndinni.

Þingskjal nr. 2 kom óbreytt úr nefnd. Nefndin gat ekki séð ástæðu fyrir breytingunni. Hörður Ingi Jóhannsson fór í pontu og mælti með tillögunni og kom með eftirfarandi greinagerð.

Rök fyrir því að þjálfari ætti ekki að sitja í landsliðsnefnd.

Þjálfari í keilu getur ekki setið í landsliðsnefnd því hann situr þá öllum megin við borðið. Hann þjálfar þá landsliðsmenn sem koma til greina (sem hann gerir alltaf), hann velur úr þessum hópi og hann fari með landsliðinu á stórmót, hann kemur heim eftir mót og fer að þjálfra sitt fólk aftur. Hann getur ekki málefnalega dæmt sig af gjörðum sínum hvorki sem þjálfari eða landsliðsþjálfari/fararstjóri.

Landsliðsnefnd á að vera skipuð fólki sem hefur vit á keilu (sem hefur reyndar alltaf verið) en er ekki litað af þjálfun eða félagi (að sjálfsögðu er þetta fólk í keilufélagi) landsliðsnefnd biður þjálfara félagana að tilnefna þá leikmenn sem þeir telji vera hæfa til að leika fyrir Íslands hönd og þykir hæfa best til þeirra farar og er honum innan handar með æfingaprógram fram að ferð. Félagsþjálfari getur þá farið fram á skýringu á valinu ef hann er ekki sáttur og er öll umræða góð og holl fyrir keiluna.

Þegar val er gjört getur landsliðsnefnd beðið þjálfarana um skýrslu hvernig æfingum viðkomandi leikmanna hefur verið háttað svo það auðveldi valið ef valið stendur t.d. á milli tveggja manna, þannig að landsliðsnefnd er gjörsamlega óháð.

Það er mat okkar að hagsmunaárekstrar séu of miklir ef þessu verður ekki breytt og getur komið til með að skemma fyrir þeirri þróun sem við viljum sjá í keilu á Íslandi.

Valgeir Guðbjartsson kvað sé hljóðs og mælti á móti þessari breytingu.

Hann benti á að með þessu séum við að lýsa vantrausti á það fólk sem við veljum til starfa og að hann treysti mönnum alveg til að vera hlutlaus. Hann bar þetta saman við að setja inn í lög og reglugerðir að stjórnarmenn úr félögum megi ekki sitja í stjórn KLÍ. Nefndi að í dag væri t.d. formaður eins félags formaður KLÍ, gjaldkeri annars félags væri einnig í stjórn KLÍ og svo mætti telja, þessu fólk væri treyst og sama væri um þetta.

Tillagan var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3.

Þingskjal nr. 3 um keilumót.

4. grein Samþykkt eins og hún kemur úr nefnd.

15. grein Samþykkt eins og hún kemur úr nefnd.

Þingskjal.nr. 4 um Íslandsmót liða

10 grein.

Kom óbreytt úr nefnd og urðu nokkrar umræður um túlkun, hvort eina leiðin til að fá frestun væri að mótherji þyrfti að samþykkja það.

Ekki reyndist það vera tilgangur flutningsaðila heldur var það þó svo að lið kæmu sér saman um frestun yrði það að vera með 7 daga fyrirvara. Tillöggunni var vísað til stjórnar til að klára þetta fyrir næsta tímabil og kynna á formannafundi.

Þingskjal. nr. 5 um Bikarkeppni liða

4. grein.

Breyting úr nefnd að aðeins úrslit yrðu leikin á sama stað og á sama tíma.

Bent var á að með því að samþykkja að undanúrslit væru einnig spiluð á sama stað á sama tíma þá værum við að takmarka keppnina við 10 brauta sal í það minnsta. Var það samþykkt með þorra atkvæða

8. grein.

Breyting fjallar um sama og greinin í þingskjali 4. Vísað til stjórnar þar sem greinarnar eiga að vera á sömu nótum.

Þingskjal 6 – Íslandsmót félaga

Þessi tillaga var samþykkt eins og hún kom úr nefnd og send til stjórnar til frekari útfærslu.

1. grein

Íslandsmót félaga skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir. Hverju félagi er heimilt að senda 2 lið til keppni, eitt kvenna og eitt karla.

3. grein

Lið samanstendur af minnst 4 keppendum, en karlar og konur geta ekki leikið saman í liði. Konur fá þó 8 pinna í forgjöf á hvern leik.

Nánari útfærsla er í höndum stjórnar.

ÞMP hvað sé hljóðs undir dagskrárliðnum önnur mál. Hann kom með eftifarandi áskorun.“ Þing Keilusambands Íslands haldið þriðjudaginn 18. Maí 2010 skorar hér með á ÍSÍ og ÍBR að standa vörð um keiluíþróttina og tryggja uppbyggingu íþróttaaðstöðu fyrir keilu sem íþrótt. Nú á 25 ára afmæli keilunnar á Íslandi verður ekki lengur við það unað að íþróttin sé eingöngu spiluð á veitingastað.“

Þá var komið að kjörnefnd.

HIJ gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Ekki kom til kosninga og voru því þeir sem gáfu kost á sér sjálfkjörnir.

Formaður Þórir Ingvarsson var endur kjörinn til tveggja ára.

Aðalmenn í stjórn til eins árs.

Valgeir Guðbjartsson

Ómar Kristjánsson

Aðalmenn í stjórn til tveggja ára.

Guðmundur Sigurðsson

Þórarinn Már Þorbjörnsson

Varamenn til eins árs.

Guðmundur J Kristófersson

Ingi Geir Sveinsson

Höskuldur Höskuldsson

Formaðurinn ávarpar þingið og þakkaði þingforseta þingstörfinn svo sem öðrum þingfulltrúum. Þingi slitið kl. 19:30

Þingritari

Theódóra Ólafsdóttir.